

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins er á Akureyri en starfssvæði þess nær til Akureyrar og annarra sveitarfélaga eftir nánari ákvörðun um byggingar og rekstur íbúða á vegum félagsins eða í samstarfi við systurfélög og sveitarfélög. Heimilisfang félagsins er að [Baldursnesi 4, 603 Skipagötu 14, 600 Akureyri](#).

21. gr.

Rétt til að rita félagið og skuldbinda það ~~hefur meirihluti stjórnar. hafa þrjú stjórnarmenn hið minnsta, formaður ásamt 2 stjórnarmönnum~~. Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra og veitir honum prókúruumboð.

Framkvæmdastjóri ræður félaginu starfsmenn og annast daglegan rekstur félagsins í samráði við stjórnina. Stjórnin getur veitt öðrum einstaklingum prókúruumboð fyrir hönd félagsins.

Stjórnin getur skipað nefndir til að vinna að sérstökum verkefnum fyrir félagið.

Stjórnarfundir skal halda reglulega og eigi sjaldnar en sex sinnum á ári. Formaður boðar stjórnarfundir en meirihluti stjórnar getur krafist stjórnarfundar ef þurfa þykir. Varamenn skulu ávallt boðaðir til stjórnarfunda og eiga rétt á að fá öll þau gögn sem stjórn vinnur með á reglulegum fundum.

Ákvarðanir stjórnarfunda eru því aðeins lögmætar að meirihluti stjórnar sé á fundi eða varamenn í þeirra stað í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Heimilt er öðrum varamönnum að sitja stjórnarfundum, en án atkvæðisréttar ef þeir hafa ekki verið kallaðir í stað aðalmanna.

Stjórn setur sérstakar starfsreglur sem kveða nánar á um skyldur stjórnarmanna, ritun fundargerða, samskipti við endurskoðendur/endurskoðunarfélög og fleira. Skulu þessar starfsreglur kynntar opinberlega og vera félagsmönnum aðgengilegar. Jafnframt skal stjórn setja félaginu siðareglur og viðhalda slíkum reglum. Þar skal tilgreina hvornig starfsmönnum, stjórn og félagsmönnum er ætlað að varast siðferðileg álitaefni í störfum sínum fyrir félagið og upplýsa um hagsmuni þannig að sem viðtækast traust megi ríkja á störfum einstaklinga og starfsemi félagsins.